Yfirlýsing um sjálfsforræði lækna

SAMRÁÐSFUNDUR LANDSFÉLAGA LÆKNA Í EVRÓPU og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar haldinn í Varsjá, Póllandi 17. til 19. marz 2000

1. vitandi um yfirlýsingu Samráðsfundar landsfélaga lækna í Evrópu og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Tel Aviv í Ísrael 9. marz 1999;

2. staðfestir á ný, að frumskylda lækna felst í umönnun* sjúklinganna;

3. viðurkennir, að verulegt og viðeigandi sjálfsforræði er ómissandi þáttur í því, að læknar geti uppfyllt starfsskyldur sínar við sjúklinga sína og farið eftir þeim siðareglum, sem gilda fyrir læknastéttina;

4. samþykkir, að tilsvarandi skylda af hálfu lækna krefst þess, að tryggð sé ábyrg, virk og gagnsæ eigin stjórnun af hálfu læknastéttarinnar;

5. leggur á það áherzlu, að einstakir læknar og læknastéttin í heild taki mið af innviðum, úrræðum og menningu þess samfélags, sem þau eru hluti af;

6. staðfestir á ný, að sem hluta af ferli eigin stjórnunar axli læknar sem starfsstétt ábyrgð á því að setja gæðastaðla fyrir umönnun, sem einstakir læknar veita sjúklingum sínum;

7. samþykkir, að samfélagið veitir læknum sjálfsforræði í starfi, að samfélagið krefst tilsvarandi ábyrgðar af hálfu læknastéttarinnar og að það er grunnur þess trúnaðartrausts er samfélagið sýnir læknum;

8. vekur athygli á yfirlýsingum Alþjóðafélags lækna um sjálfsforræði og sjálfsstjórnun (Madrid 1987) og um réttindi sjúklingsins (Lissabon 1980, Balí 1995), svo og yfirlýsingu Fastanefndar lækna í Evrópu um sjálfsforræði í starfi og um ábyrgð (1999);

9. álítur að umönnun sjúklinga* og sjálfsforræði lækna séu í hættu í hvert sinn sem starfsfrelsi er skert, þegar kostnaði er haldið niðri eða þjónusta er skömmtuð af efnahagsástæðum;

10. álítur að nauðsynlegt sé, að löggjöf um störf þeirra, sem veitt er fullt leyfi til lækninga, skuli taka mið af eftirfarandi íhugun og meginreglum, sem varða hlutverk þeirra í samfélaginu:

a) Læknar þurfa að hafa sjálfsforræði í starfi til þess að taka klínískar ákvarðanir varðandi umönnun sjúklinga*.
b) Traust það, sem samfélagið hefir á læknum, gerir réttmætt að þeim sé veitt viðeigandi sjálfsforræði í starfi.
c) Það er skylda lækna að vernda trúnað við sjúklinga, þegar þeir rækja starf sitt í þágu beztu hagsmuna sjúklingsins og réttinn til þess að rækja þessa skyldu ber að lögfesta.
d) Allir læknar ættu að hafa rétt til að starfa sjálfstætt.**
e) Læknum ætti ekki að refsa, fjárhagslega eða á annan hátt, þegar þeir leitast við að tryggja sjúkum og varnarlausum
   – jafnan aðgang að virkri meðferð og
   – að tiltæk séu nægileg úrræði til þess að hægt sé annast um sérhvern sjúkling.
f) Lagaákvæði er varða sjálfsforræði lækna mega ekki ganga í berhögg við ákvæði Alþjóðasiðareglna lækna (London 1949, Sidney 1968, Feneyjum 1988, Stokkhólmi 1994).

* Að því er þetta skjal varðar, ná orðin "umönnun sjúklinga" til forvarna, greiningar, meðferðar, endurhæfingar og hæfingar.

** Vegna ákvæða í stofnskránni getur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) ekki tekið afstöðu til þessa atriðis.

Íslensk þýðing © Örn Bjarnason 2000

Yfirlýsing um einkaleyfi á genamengi mannsins

SAMRÁÐSFUNDUR LANDSFÉLAGA LÆKNA Í EVRÓPU og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar haldinn í Varsjá, Póllandi 17. til 19. marz 2000

hefir alvarlegar áhyggjur af veitingu einkaleyfa á genamengi mannsins og raða úr því, einkum til þeirra sem gæta viðskiptahagsmuna,

deilir þeirri skoðun, að þetta sé málefni, sem vísindasamfélagið eigi ekki eitt sér að ákvarða um og

hvetur landsfélög lækna til þess að stuðla að opinberri umræðu um þau alvarlegu siðfræðilegu og siðrænu vandamál, sem tengjast veitingu þessarar gerðar einkaleyfa og að því, að í umræðunni taki þátt almennir borgarar, stjórnmálamenn og vísindasamfélagið.

Íslensk þýðing © Örn Bjarnason 2000